

Nr. 66/1990. Miðvikudaginn 16. janúar 1991.  
**Hrafnkell Ásgeirsson**

gegn

**Íslandsbanka hf.,  
 Landsbanka Íslands,  
 Sambandi íslenskra samvinnufélaga,  
 Sparisjóði Hafnarfjarðar,  
 Gjaldheimtunni í Hafnarfirði,  
 innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði og  
 Kreditkortum hf.**

Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1990. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Hafnarfjarðar frá 5. febrúar 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. apríl 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til nóvember, þá til desember og þá enn til reglulegs þingdags í janúar 1991. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði, en til vara í einn mánuð, til að ganga frá ágripi í málinu.

Af hálfu stefndu Íslandsbanka hf. og innheimtumanns ríkissjóðs í Hafnarfirði hefur frestbeiðnið verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Báðir aðilar krefjast málskostnaðar sér til handa úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Samband íslenskra samvinnufélaga hefur og mótmælt því, að áfrýjanda verði veittur frekari frestur í málinu.

Mótmæli sín styðja stefndu Íslandsbanki hf. og innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði þeim rökum, að áfrýjanda hafi tvívegis verið veittur lokafrestur í málinu til framlagningar gagna, ágrips og greinargerðar. Enn fremur kemur fram í greinargerð af hálfu stefnda Íslandsbanka hf., að dómsgerðir í málinu hafi legið ósóttar hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði frá 18. apríl 1990.

Þann 7. janúar voru liðnir rúmir 10 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til

að búa málið til flutnings fyrir Hæstarétti og ekki enn aflað sér dómsgerða, en rúmir 8 mánuðir eru nú liðnir, síðan þær voru tilbúnar til afhendingar.

Með þetta í huga og með því að áfrýjandi hefur ekki réttlætt frekari frestun málsins, ber að synja frestbeiðni hans og vísa málinu frá Hæstarétti. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu Íslandsbanka hf. og innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hrafnkell Ásgeirsson, greiði stefndu Íslandsbanka hf. og innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði 15.000 krónur til hvors um sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.